

Fimmtudaginn 21. mars 1996.

Nr. 312/1994.

Digranessókn

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Aðalsteini Péturssyni**Öldu Berg****Önnu M. Sigurðardóttur****Önnu M. Þorfinnsdóttur****Árna Stefánssyni****Böðvari Jónassyni****Evu S. Einarsdóttur****Guðna Ágústssyni****Guðna Daníelssyni****Gylfa Sveinssyni****Hermanni E. Karlssyni****Jörundi Guðmundssyni****Kristbjörgu Kristjánsdóttur****Kristínu Ottesen****Kristjáni Kristjánssyni****Magnúsi Eiríkssyni****Ólafi Jens Péturssyni****Ólafi H. Georgssyni****Sæmundi Guðmundssyni****Sigrúnu Gísladóttur****Svani Halldórssyni****Undínu Sigmundsdóttur****Valmundi Eggertssyni****Þorleifi Finnssyni og****Þráni Árnasyni**

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Félagaréttur. Kirkjusókn. Fundarsamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní

1994. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfun stefndu, en til vara, að kröfu stefndu um greiðslu 228.138 króna verði vísað frá héraðsdómi, en sýknað af öðrum kröfum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í málinu krefja stefndu áfrýjanda um greiðslu á lögfræðikostnaði, sem þeir höfðu af því að andæfa byggingu sóknarkirkju á lóðinni nr. 3 við Gagnheiði, svonefndum Víghól. Reisa þeir kröfu sína eingöngu á því, að aðalsafnaðarfundur, sem haldinn var 26. maí 1993, hafi samþykkt þessa greiðslu. Aðalsafnaðarfundur fari með æðsta ákvörðunarvald sóknar, og hafi því söfnuðurinn skuldbundið sig með lögmætum hætti til greiðslu skuldarinnar.

Stefndu fóru fram á það við sóknarnefnd áfrýjanda með bréfi 17. júlí 1992, að umræddur kostnaður yrði greiddur. Ósk þeirra var hafnað 26. ágúst 1992. Með lögbannsbeiðni 7. september 1992 fóru þeir fram á, að allar framkvæmdir áfrýjanda á lóðinni yrðu stöðvaðar, þar til aðalsafnaðarfundur fyrir árið 1992 hefði verið haldinn og tekin ákvörðun um, hvort hefjast skyldi handa um kirkjubygginguna. Héldu þeir því fram, að þótt aðalsafnaðarfundur 1989 hefði samþykkt að fela sóknarnefnd áfrýjanda að sækja um lóð fyrir kirkju og safnaðarheimili, hefði ekkert legið fyrir um, hvaða lóð væri í boði. Á aðalsafnaðarfundum 1990 hafi komið fram, að ekki hafi enn fengist lóð fyrir kirkju. Enginn sérstakur dagskrárlíður hafi verið um kirkjubyggingarmálið á aðalsafnaðarfundum 1991, en þar hafi komið fram, að sótt hefði verið um kirkjulóð. Um heimild til framkvæmda væri því ekki að ræða. Af hálfu áfrýjanda var lögbannskröfunni andmælt 8. september 1992, og kom fram, að kvöldinu áður hafði verið haldinn fundur í sóknarnefnd og samþykkt tillaga um að staðfesta, að fyrirhugaður aðalsafnaðarfundur yrði haldinn 15. september 1992, og að hægja á framkvæmdum á meðan. Lögbannið var lagt á þrátt fyrir andmæli sóknarnefndar áfrýjanda.

Aðalsafnaðarfundur var haldinn á tilsettum tíma, og var þar samþykkt að hætta við kirkjubyggingu á Víghól. Á fundinum lá fyrir tillaga stefndu um greiðslu á lögfræðikostnaði þeirra, en tillagan var

ekki borin fram að ákvörðun stefndu. Með bréfi stefndu 7. október 1992 til áfrýjanda óskuðu þeir þess, að tillaga um greiðslu lögfræðikostnaðarins yrði borin upp á safnaðarfund. Safnaðarfundur var haldinn 11. október 1992. Fór þar fram kynning á nýju staðarvali fyrir kirkju, og bréf stefndu var lagt fram. Samþykkt var að vísa tillögu þeirra til sóknarnefndar til „lögmætrar og sanngjarnrar meðferðar“. Stefndu höfðu höfðað mál til staðfestingar áðurgreindu lögbanni og áfrýjandi ekki haldið uppi vörnum gegn lögbanninu, en þess krafist, að málskostnaður yrði felldur niður. Stefndu lögðu fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 308.138 krónur, og úrskurðaði Héraðsdómur Reykjaness 10. desember 1992, að áfrýjandi skyldi greiða þeim 80.000 krónur í málskostnað. Hefur sú fjárhæð verið greidd, og er hún dregin frá kröfum stefndu í máli þessu. Að öðru leyti er reikningurinn innifalinn í þeirri fjárhæð, 764.360 krónum, sem samþykkt var á aðalsafnaðarfundum 1993 að greiða úr sameiginlegum sjóðum safnaðarins og er krafa stefndu hér fyrir dómi. Tillögu stefndu hafði ekki verið getið í fundarboði, og er því haldið fram af áfrýjendum, að hún hafi komið þeim að óvörum, og hafi stefndu fjölmennt á fundinn og greitt henni atkvæði sitt. Tillagan var samþykkt með 32 atkvæðum gegn 16. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að kostnaður stefndu sé söfnuðinum óviðkomandi, en eins og sjáist á heimilisföngum þeirra, búi þeir í næstu götum við hina umdeildu kirkjulóð. Stefndu halda því aftur á móti fram, að edlilegt sé, að söfnuðurinn beri kostnað þeirra, sem ráðist hafi verið í vegna deilna um kirkjubygginguna, og jafna megi honum við kostnað áfrýjanda af því að berjast fyrir kirkjunni á þessum stað. Þá eigi ekki að koma að sök, að ekki var getið um tillögu þeirra í fundarboði, þar sem hún hafi í raun verið til stöðugar umfjöllunar. Einnig hafi verið fallist á það af fundarstjóra og aðalsafnaðarfundinum að taka hana á dagskrá.

II.

Í lögum nr. 25/1985 um kirkjusóknir, safnaðarfundum, sóknarnefndum, héraðsfundi o. fl. er kirkjusókn skilgreind sem félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar, sem býr innan sóknarmarka. Í IV. kafla laganna eru ákvæði um safnaðarfundum. Segir í 11. gr., að aðalsafnaðarfundur skuli halda ár hvert. Þá segir þar, að aðalsafnaðarfundur fari

með æðsta ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim, sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmæltum ákvörðunum. Í 12. gr. segir, að sóknarnefnd boði safnaðarfundum með þriggja daga fyrirvara hið skemmsta á sama hátt og tíðkanlegt er um messubod í sókninni. Fundarefni skuli kynna í fundarboði. Fundur sé ályktunar fær, ef rétt er til hans boðað, og afl atkvæða ráði úrslitum mála. Ekki er um það deilt, að rétt hafi verið boðað til aðalsafnaðarfundar 1993 og að tillögu stefndu hafi ekki verið getið í fundarboðinu, en þar var tilkynnt, að á dagskrá væru venjuleg aðalfundarstörf. Í V. kafla laganna eru ákvæði um sóknarnefndir, skipun, störf og starfs hætti. Segir í 13. gr., að í hverri kirkjusókn skuli vera sóknarnefnd, sem annist framkvæmdir á vegum sóknarmanna og styðji kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar. Í 18. gr. segir, að sóknarnefnd vinni að þeim verkefnum, sem henni eru ætluð í lögum og stjórnvaldsreglum eða fengin eru henni með samþykktum safnaðarfunda. Í 1. mgr. 20. gr. segir, að sóknarnefnd sjái um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Skuli hún ásamt sóknarpresti hafa forystu um kirkjubyggingu, endurbyggingu kirkju eða stækkun kirkju og byggingu safnaðarheimilis, eftir því sem aðalsafnaðarfundur mælir fyrir um.

Af framanrituðum lagafyrirmælum leiðir, að það er sóknarnefnd, sem ætlað er að vinna að þeim verkefnum sóknarinnar, er til falla lögum samkvæmt og eru til komin fyrst og fremst vegna hennar. Sóknarnefndin á meðal annars að sjá um viðunandi húsnæði til guðsþjónustuhalds og að hafa forystu um kirkjubyggingu, ef á þarf að halda. Af gögnum málsins verður ráðið, að andstaða stefndu gegn kirkjubyggingu á Víghól hafi að verulegu leyti komið til vegna grenndarsjónarmiða. Lögin gera ekki ráð fyrir því, að aðrir en sóknarnefnd efni til kostnaðar, sem söfnuðurinn á að bera. Verði kostnaður stefndu greiddur, er um að ræða verulegan og sérstakan hluta rekstrarkostnaðar, sem ekki var samþykktur af stofnunum sóknarinnar, áður en til hans var efnt. Áfrýjandi hafði verið dæmdu til að greiða stefndu málskostnað af tekjum safnaðarins vegna málareksturs þeirra og hafði innt hann af hendi. Vildu stefndu láta á það reyna á aðalsafnaðarfundum, hvort safnaðarfolk samþykkti, að þeim væri meira greitt úr sameiginlegum sjóði, varð það samkvæmt

2. mgr. 12. gr. laga nr. 25/1985 að koma fram í fundarboði. Þeim var því rétt að rita sóknarnefnd og óska þess, að tillögu þeirra væri getið við fundarboðun með viðeigandi hætti. Verður ekki talið, að þeir hafi mátt vanta þess, eins og á stóð, að málið yrði borið upp á fundinum án frekara frumkvæðis þeirra. Sem fyrr segir, var tillögunnar ekki getið í fundarboði, og stefndu urðu sjálfir verulegur hluti fundarmanna, sem samþykktu tillöguna.

Þegar litið er til framanskráðs um tilurð kostnaðar stefndu og afgreiðslu tillögu þeirra hjá stofnunum sóknarinnar, verður að meta það svo, að samþykkt hennar hafi ekki orðið til með bindandi hætti, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Digranessókn, skal sýkn af kröfum stefndu, Aðalsteins Péturssonar, Öldu Berg, Önnu M. Sigurðardóttur, Önnu M. Þorfinnsdóttur, Árna Stefánssonar, Böðvars Jónssonar, Evu S. Einarsdóttur, Guðna Ágústssonar, Guðna Daníelssonar, Gylfa Sveinssonar, Hermanns E. Karlssonar, Jörundar Guðmundssonar, Kristbjargar Kristjánsdóttur, Kristínar Ottesen, Kristjáns Kristjánssonar, Magnúsar Eiríkssonar, Ólafs Jens Péturssonar, Ólafs H. Georgssonar, Sæmundar Guðmundssonar, Sigrúnar Gísladóttur, Svans Halldórssonar, Undínu Sigmundsdóttur, Valmundar Eggertssonar, Þorleifs Finnsónar og Práins Árnasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 27. maí 1994.

Stefndur eru eftirtalin 25 sóknarbörn í Digranessókn, Kópavogi: Aðalsteinn Pétursson, kt. 090245-4309, Lyngheiði 8, Kópavogi, Alda Berg, kt. 231131-3379, Melaheiði 7, Kópavogi, Anna M. Sigurðardóttir, kt. 020249-2349, Lyngheiði 2, Kópavogi, Anna M. Þorfinnsdóttir, kt. 041065-5839, Melaheiði 7, Kópavogi, Árni Stefánsson, kt. 170638-4229, Melaheiði 1, Kópavogi, Böðvar Jónasson, kt. 080431-4149, Álfhólsvegi 74, Kópavogi,

Eva S. Einarsdóttir, kt. 170539-2579, Digranesheiði 19, Kópavogi,
 Guðni Ágústsson, kt. 070460-2039, Lyngheiði 4, Kópavogi,
 Guðni Daníelsson, kt. 050720-2419, Melaheiði 19, Kópavogi,
 Gylfi Sveinsson, kt. 310548-4489, Lyngheiði 2, Kópavogi,
 Hermann E. Karlsson, kt. 300343-8059, Digranesvegi 105, Kópavogi,
 Jörundur Guðmundsson, kt. 201032-4589, Lyngheiði 6, Kópavogi,
 Kristbjörg Kristjánsdóttir, kt. 311031-4149, Melaheiði 15, Kópavogi,
 Kristín Ottesen, kt. 281261-4329, Skálaheiði 1, Kópavogi,
 Kristján Kristjánsson, kt. 160250-3059, Digranesvegi 101, Kópavogi,
 Magnús Eiriksson, kt. 060818-2829, Tunguheiði 6, Kópavogi,
 Ólafur Jens Pétursson, kt. 281233-4409, Álfrólsvégi 68, Kópavogi,
 Ólafur H. Georgsson, kt. 101249-7199, Gagnheiði 1, Kópavogi,
 Sæmundur Guðmundsson, kt. 010830-4359, Lyngheiði 10, Kópavogi,
 Sigrún Gísladóttir, kt. 110735-4649, Álfrólsvégi 70, Kópavogi,
 Svanur Halldórsson, kt. 010335-3459, Melaheiði 3, Kópavogi,
 Undína Sigmundsdóttir, kt. 281063-7749, Digranesheiði 15, Kópavogi,
 Valmundur Eggertsson, kt. 021039-4899, Lyngheiði 18, Kópavogi,
 Þorleifur Finnsson, kt. 250351-2599, Víghólastíg 18, Kópavogi
 Þráinn Árnason, kt. 050326-3659, Digranesvegi 99, Kópavogi.

Stefnt er sóknarnefnd Digranessóknar f. h. sóknarinnar, kt. 691272-0449, Bjarnhólastíg 26, Kópavogi. Stefna er dagsett 24. nóvember 1993 og málið höfðað með birtingu hennar fyrir formanni sóknarnefndar 29. sama mánaðar. Málið var þingfest 16. desember 1993 og því úthlutað héraðsdómara 22. mars 1994. Það var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 10. maí sl.

Stefnendur krefjast þess, að stefnda verði dæmd til að greiða þeim 764.360,00 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 26. maí 1993 til greiðsludags.

Þeir krefjast þess jafnframt, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. maí 1994 og síðan árlega þann dag.

Lokst krefjast stefnendur þess, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt mati dómsins í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hún verði sýknuð af dómkröfum stefnenda.

Til vara er þess krafist, að kröfu stefnenda um greiðslu á 228.138 kr. verði vísað frá dómi, en sýknað verði af öðrum kröfum.

Í báðum tilvikum er krafist óskipts málskostnaðar samkv. mati dómsins úr hendi allra stefnenda, þar sem tekið verði tillit til þess, að stefnda hefur ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af keyptri lögmannsþjónustu.

Um atvik máls segir m. a. svo í stefnu:

„Árið 1992 var deilt um það í Digranessókn í Kópavogi, hvort ný kirkja sóknarinnar skyldi rísa á lóðinni nr. 3 við Gagnheiði, svonefndum Víghól, svo sem sóknarnefnd hafði gert tillögu um, eða hætta við kirkjubygginguna á þeim stað og leita í þess stað að hentugri lóð fyrir kirkjuna, er safnaðarbörn gætu sameinast um.

Stefnendur máls þessa voru í fyrirsvari þess hóps safnaðarbarna, sem andmæltur var fyrirhugaðri kirkjubyggingu á framangreindri lóð við Gagnheiði. Töldu þau kirkjubygginguna á þessum stað myndu brjóta í ýmsum atriðum gegn rétti þeirra, og einnig töldu þeir ákvarðanir um byggingarstað ekki hafa verið teknar í samræmi við lagafyrirmæli.

Af þessum sökum leituðu stefnendur árið 1992 lögmannaðstoðar í því skyni að láta kanna réttarstöðu sína og reyna að koma í veg fyrir fyrirhugaða kirkjubyggingu. Ritaði lögmaðurinn athugasemdir til byggingarfulltrúa Kópavogs og Skipulagsstjórnar ríkisins, sat fundi og ritaði bréf í tengslum við sáttatilaunir aðila og annaðist beiðni um, að lagt yrði lögbann við fyrirhuguðum framkvæmdum.“

Í greinargerð stefndu segir frá þessum atvikum á nokkuð annan veg:

„Árið 1989 fól aðalsafnaðarfundur Digranessóknar sóknarnefnd að sækja um lóð fyrir kirkju og safnaðarheimili. Lóð fékkst nálægt Víghól á Digraneshæð. Var hafinn undirbúningur kirkjubyggingar á lóðinni með venjulegum hætti, og fengust m. a. öll formleg leyfi frá skipulags- og byggingaryfirvöldum í því skyni. Var kirkjubyggingin boðin út og samningar gerðir við verktaka, og hófust framkvæmdir við byggingu kirkjunnar snemma hausts 1992.

Fljótlega kom í ljós, að eigendur húsa í nágrenni við byggingarstað kirkjunnar vildu koma í veg fyrir byggingu kirkjunnar á fyrirhuguðum stað. Héldu íbúarnir uppi andófi gegn kirkjubyggingunni hjá skipulags- og byggingaryfirvöldum og bæjarstjórn Kópavogs. Ekki höfðu andmælendur erindi sem erfiði á þeim vettvangi. Hinn 7. september 1992, þ. e. skömmu eftir, að fyrsta skóflustunga vegna kirkjubyggingarinnar hafði verið tekin, lögðu andmælendur fram beiðni um lögbann [vísad í dskj.] við byggingu kirkjunnar, þar til aðalsafnaðarfundur Digranessóknar árið 1992 hefði verið haldinn og tekið ákvörðun um, hvort haldið skyldi áfram með kirkjubyggingu á þessum stað. Vegna lögbannsbeiðninnar var haldinn fundur í sóknarnefnd að kvöldi 7. september og þar samþykkt, að aðalsafnaðarfundur yrði haldinn 15. september 1992, en fram til þess tíma hægt á framkvæmdum og m. a. tryggt, að ekkert yrði sprengt á byggingarstað. Með þessu móti vildi sóknarnefnd tryggja, að í engu yrði raskað hugsanlegum hagsmunum andmælenda kirkjubyggingarinnar [vísad í dskj.].

Sýslumaður lagði lögbannt við frekari framkvæmdum fram yfir aðalsafnaðarfund gegn tryggingu, sem gerðarbeiðendur settu. Aðalsafnaðarfundur var haldinn 15. september 1992 og var gífurlega fjölmennur. [Skv. upplýsingum formanns sóknarnefndar hér fyrir dómi voru á fundinum 1600 til 1700 manns, en sóknarbörn sagði formaðurinn vera á sjöunda þúsund. – Innskot dómara.] Var þar felld með litlum mun tillaga um að halda áfram byggingarframkvæmdum á lóð safnaðarins nr. 3 við Gagnheiði. Í framhaldi fundarins skilaði sóknarnefnd lóðinni til bæjaryfirvalda og fékk úthlutað lóð annars staðar í sókninni fyrir kirkjubygginguna.

Andmælendur höfðuðu mál til staðfestingar lögbanntinu fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Af hálfu stefndu var ekki haldið uppi vörnum gegn öðru en kröfu stefnenda um málskostnað [vísað í dskj.]. Ekki voru talin efni til þess að deila um efnisþátt málsins, eftir að aðalsafnaðarfundur hafði tekið ákvörðun um að hætta við kirkjubyggingu á hinum umdeilda stað. Þessu voru stefnendur sammála og létu bóka, að þeir féllu frá öllum kröfum sínum í málinu öðrum en málskostnaðarkröfunni [vísað í dskj.].“

Síðan er frá því greint í greinargerð stefndu, að stefnendur hafi í lögbanntmálinu gert kröfu um greiðslu málskostnaðar, að fjárhæð 308.138 kr. Hinn 10. desember 1992 hafi héraðsdómari úrskurðað, að sóknarnefnd Digranessóknar skyldi greiða stefnendum 80.000 kr. Sú fjárhæð hafi verið greidd nokkrum dögum síðar.

Ósk um, að lögmannskostnaður íbúa við Heiðavallasvæði yrði greiddur úr sjóðum safnaðarins, kom fyrst fram í bréfi stefnendanna Aðalsteins Péturssonar og Gylfa Sveinssonar til formanns sóknarnefndar, dagsettu 17. júlí 1992. Þar segir m. a.: „Íbúar við Heiðavallasvæði óska eftir því, að safnaðarstjórn Digranesprestakalls samþykki að greiða útlagðan kostnað íbúanna (lögmanns- og auglýsingakostnað), sem þeir hafa haft af þeim deilum, er verið hafa innan safnaðarins. Er litið á þetta sem jafnræðismál, þar sem safnaðarstjórn greiðir nú þegar sams konar reikninga úr sameiginlegum sjóðum safnaðarins.“ Bréfi þessu svaraði formaður sóknarnefndar með bréfi, dags. 26. ágúst 1992. Þar segir m. a.: „Það leiðir af sjálfu sér, að óhugsandi er, að sóknarnefnd hafi heimild til þess að kosta starfsemi, sem ætlað er að vinna gegn því að koma í framkvæmd ákvörðun safnaðarfundar. Sóknarnefndinni er því skylt að hafna erindi yðar.“

Svo sem rakið hefur verið, tók aðalsafnaðarfundur 15. september 1992 aðra ákvörðun um framkvæmd kirkjubyggingar en sóknarnefnd hafði unnið að, og leiddi það af andófi stefnenda máls þessa.

Hinn 28. júlí 1992 rituðu fjórir stefnenda Guðmundi Þorsteinssyni dómprófasti bréf, þar sem óskað er íhlotunar hans um ýmis atriði fundarhalds

væntanlegs aðalsafnaðarfundar. M. a. er þess óskað, að dómprófastur sjái til þess, að fjórar ályktanir, er bréfinu fylgdu, fáist bornar upp á aðalsafnaðarfundinum. Ein þeirra var þannig: „Aðalsafnaðarfundur Digranesprestakalls, haldinn í september, samþykkir að greiða útlagðan kostnað safnaðarsystkina (lögmanns- og auglýsingakostnað), er þeir hafa haft af deilum við safnaðarstjórn.“ Upplýst var af formanni sóknarnefndar hér fyrir dómi, að nefndin fékk í hendur afrit af bréfi þessu. Einnig var upplýst af stefnanda Aðalsteini Péturssyni, að tillagan var ekki borin upp á aðalsafnaðarfundinum 15. september 1992.

Á safnaðarfundu 11. október 1992 lagði stefnandinn Aðalsteinn Pétursson fram tillögu sama efnis, svohljóðandi: „Sá hópur sóknarbarna, sem haft hefur sannanlegan útlagðan kostnað vegna deilna um kirkjustæði við Víghól, óskar eftir því að fá þennan kostnað greiddan úr sameiginlegum sjóði sóknarbarna.“ Tillögu þessa hafði stefnandinn Aðalsteinn kynnt formanni stefndu, Þorbjörgu Danielsdóttur, með bréfi, dagsettu 7. sama mán. Að tillögu sóknarprestisins, Þorbergs Kristjánssonar, var á safnaðarfundinum „samþykkt að vísa málinu til sóknarnefndar til lögmatrar og sanngjarnrar meðferðar“. Upplýst er, að á fundi þessum hafi verið um 150 manns.

Á aðalsafnaðarfundu 26. maí 1993, lagði stefnandinn Aðalsteinn Pétursson fram eftirfarandi tillögu. Fjórir aðrir stefnendur voru meðflutningsmenn:

„Aðalsafnaðarfundur í Digranessókn, haldinn miðvikudaginn 26. maí 1993 samþykkir, að greiddur verði úr sameiginlegum sjóði safnaðarins lögfræðikostnaður, sem einstök sóknarbörn hafa lagt út fyrir vegna deilna um kirkjustæði við Víghól.“

Tillagan var borin upp snemma á fundinum undir umræðum um skýrslu sóknarnefndar og ársreikninga sóknarinnar. Var bókað, að Aðalsteinn hefði jafnframt tillögunni lagt fram „samantekt kostnaðar, er sýndi niðurstöðutölu um 764 þús. kr.“.

Tillagan var tekin til umræðu undir dagskrárliðnum „Önnur mál“. Urðu um hana miklar umræður, en þar kom, að hún var borin undir atkvæði og samþykkt með 32 atkvæðum gegn 16. Af hálfu stefndu er upplýst, að á fundinum hafi verið 50 til 60 manns.

Í fundargerð aðalsafnaðarfundarins eru bókaðar þessar upplýsingar um fjárhag safnaðarins: „Eigið fé er nú tæpar 140 millj. kr., en í byggingarsjóði kirkjunnar eru tæpar 113 millj. kr. Tekjur umfram gjöld reyndust 18,5 millj. kr.“

Á fundinum bar einn stefnanda, Gylfi Sveinsson, fram fyrirspurnir um mörg atriði í reikningum, m. a. um kostnað við auglýsingar, safnaðarblað

og fleira. Gjaldkeri kvaðst ekki geta svarað þessum spurningum nákvæmlega, en „kvaðst þó með almennum orðum geta sagt, að kostnaður við ofangreinda þætti stafaði að miklum hluta af þeim átökum, sem á sl. ári urðu um staðsetningu kirkju“.

Samkvæmt fram lögðum hluta ársreiknings Digranessóknar 1992 kostuðu auglýsingar 715.963 kr., prentun og ritföng 144.603 kr. og útgáfa safnaðarblaðs 500.880 kr.

Nokkru eftir að samþykkt sú var gerð, sem málsóknin er á reist, ritaði stefnda, sóknarnefnd, svonefndri kirkjulaganefnd bréf, dags. 18. júní 1993. Bréfið er undirritað af formanni nefndarinnar f. h. sóknarnefndar. Er þar leitað leiðbeiningar kirkjulaganefndar um viðbrögð sóknarnefndar við samþykktinni. Í bréfi stefndu er skýrður aðdragandi og atvik málsins. Segir þar, að á aðalsafnaðarfundi 1992 hafi legið fyrir tillaga um greiðslu umrædds kostnaðar, en af ýmsum ástæðum ekki komið til afgreiðslu. Síðan segir: „Tillagan var svo aftur borin fram á safnaðarfundi 11. október þessa árs, þar sem fundurinn samþykkti kirkjubyggingu á nýjum stað. Var þá komist að samkomulagi um að vísa tillögunni til sóknarnefndar til rétt hæfrar og sanngjarnrar meðferðar í samráði við lögfræðing sóknarnefndar [Svo orðað í bréfinu. Sjá samþykktina samkv. fundargerð hér að framan. – Innskot dómara]. Var með þessu látið að því liggja, að leitað yrði sátta innan lögheimils ramma, enda að öðrum kosti hætt við frekari málarekstri. Þó hefur ekki orðið neitt úr þreifingum í þessa átt, sem telja má vanrækslu af beggja hálfu. Mátti því vænta þess, að málið kæmi að nýju til kasta aðalsafnaðarfundar, svo sem varð 26. maí sl., enda þótt það væri ekki boðað fyrir fram, svo að þess væri unnt að geta í fundarboði.“

Síðar í bréfinu segir sóknarnefnd: „Umrædd endurkrafa var nánast sjálfkrafa á dagskrá milli aðalsafnaðarfunda 1992 og 1993, svo að síður kann að hafa verið knýjandi að fá hana tekna á dagskrá og fundarboð síðari fundarins.“

Ólafur Skúlason biskup svaraði bréfi þessu fyrir hönd kirkjulaganefndar með bréfi, dagsettu 23. september 1993. Kemur þar fram, að „meiri hluti kirkjulaganefndar taldi, að mál þetta félli ekki undir verksvið og ramma viðfangsefna nefndarinnar. Gæti hún hvorki tekið á því sem slík né einstakir nefndarmenn tjáð sig um það í krafti stöðu sinnar í nefndinni“.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur reisa stefnukröfuna á samþykkt aðalsafnaðarfundarins 26. maí 1993. Segja þeir, að aðalsafnaðarfundur fari með æðsta ákvörðunarvald innan sóknarinnar, og hafi því söfnuðurinn skuldbundið sig með lögbundnum hætti til greiðslu skuldarinnar.

Ekki er ágreiningur milli aðila um fjárhæð stefnukröfunnar, en af hálfu stefndu er þó andmælt vaxtakröfu stefnenda. Stefnendur hafa lagt fram reikninga fyrir lögmannskostnaði, samtals að fjárhæð 844.360 kr. Þeirra á meðal er reikningur sá, sem stefnendur lögðu fram í lögmannsmálinu og getið er í greinargerð stefndu, að fjárhæð 308.138 kr. Ef frá heildarkostnaði eru dregnar 80.000 kr., sem stefnendum voru úrskurðaðar í lögmannsmálinu, fæst stefnukrafan, 764.360 kr.

Stefnendur segjast reisa greiðslukröfu sína á meginreglu samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða. Þeir vísa einnig til 2. mgr. 11. gr. og 19. gr. laga nr. 25/1985 um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl. Kröfu um dráttarvexti segja þeir studda III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Málskostnaðarkröfuna kveða þeir miðaða við 1. mgr. 130. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.

Stefnda styður sýknukröfu sína þessum málsástæðum og lagarökum:

1. Tillögunnar um greiðslu lögfræðikostnaðar stefnenda hafi ekki verið getið í fundarboði. Í Digranessöfnuði séu meira en 6000 manns. Í samþykkt tillögunnar felist „ákvörðun um að ráðstafa sameiginlegum fjármunum safnaðarins í þágu tiltekinna einstaklinga innan safnaðarins“. Augljóst megi vera, að gera verði öllu safnaðarfólki kost á að taka þátt í afgreiðslu svo óvenjulegrar tillögu. Það hafi ekki verið gert, og því sé samþykktin markleysa.
2. Af 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 25/1985 megi ráða, að aðalsafnaðarfundir eigi að fjalla um mál, sem þar eru tiltekin, og önnur ekki. Ekki verði séð, að aðalsafnaðarfundur hafi lagaheimild til að samþykkja tillögu sem þá, er mál þetta fjallar um. Að mati stefndu sé augljóslega óheimilt að greiða úr sameiginlegum sjóði allra safnaðarmanna útgjöld einstakra safnaðarmanna þess efnis, sem lýst er í dóm skjölum.
3. Stefnda vísar til 12. gr. laga nr. 25/1985, þar sem fram kemur í 2. mgr., að fundarefnis skuli getið í fundarboði. Af þessari lagareglu telur stefnda leiða, að á safnaðarfundum verði ekki leidd til lykta málefni, sem ekki er getið í fundarboði, og því sé samþykkt tillögunnar markleysa.
4. Þá telur stefnda, að stefnendum hafi verið óheimilt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um tillöguna á aðalsafnaðarfundinum, þar sem tillagan hafi falið í sér ákvörðun um að verja fjármunum safnaðarins í þágu einkahagsmuna þeirra. Það leiði af almennum grundvallarreglum, að meiri hluti fundarmanna geti ekki tekið ákvörðun um að gefa af félagseigninni til einkaparfa meiri hlutans. Fundarstjóra hafi því borið að úrskurða, að þeir fundarmanna, sem höfðu persónulega fjárhagslegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins, hefðu ekki atkvæðisrétt. Hvað sem líði lögmati þess að

taka tillöguna fyrir á aðalsafnaðarfundinum, sé niðurstaða atkvæðagreiðslunnar markleysa af þessari ástæðu.

5. Stefnda bendir á, að stefnendur hafa áður í dómsmáli fyrir sama dómstóli milli sömu aðila gert kröfu um greiðslu málskostnaðar vegna kostnaðar af kaupum á lögmannsþjónustu í tengslum við kirkjubyggingarmálið, sbr. fram lagðan reikning, að fjárhæð 308.138 kr. Fyrir liggja úrskurður þessa dómstóls um sakarefnið. Stefnda heldur því fram, að sú niðurstaða sé endanleg og bindandi og réttarverkun úrskurðarins sú, að sama álitaefni milli sömu aðila verði ekki aftur dæmt af sama dómstóli, og því beri að vísa þeim hluta kröfunnar, sem studdur er nefndum reikningi, frá dómi. Stefnda hafi greitt 80.000 kr. í málskostnað skv. úrskurði vegna þessa reiknings, og sé mismunurinn því 228.138 kr.

6. Stefnda mótmælir vaxtakröfu stefnenda sjálfstætt, bæði um rétt til vaxta og upphafstíma þeirra. Í þeirri samþykkt, sem stefnendur reisi kröfur sínar á, sé hvergi tilgreindur gjalddagi eða réttur til vaxta. Stefnda telur, að hvað sem öðru líði, geti réttur til vaxta aldrei stofnast fyrir en við þingfestingu máls.

Aðilaskýrslur fyrir dómi gáfu stefnandinn Aðalsteinn Pétursson og af hálfu stefndu Þorbjörg Daníelsdóttir, formaður sóknarnefndar.

Niðurstöður.

Hörð átök urðu um kirkjubyggingu Digranessóknar í Kópavogi. Á tókust fylkingar annars vegar þeirra, sem vildu reisa kirkju safnaðarins við svo nefndan Víghól, og hins vegar þeirra, sem andæfðu þeirri framkvæmd. Fyrir fyrrnefndum flokki fór sóknarnefnd, en fyrir hinum síðarnefnda stefnendur þessa máls. Úrslit urðu þau, sem fyrir er ritað, að andstæðingar kirkjubyggingar við Víghól höfðu sigur á geysifjölmennum aðalsafnaðarfundum 15. september 1992. Víst er, að hvorir tveggja höfðu verulegan kostnað af máli þessu, stefnendur m. a. þann lögmannskostnað, sem þeir sækja stefndu um í máli þessu. Kostnaður þeirra, sem vildu reisa kirkju við Víghól, hefur verið greiddur úr sjóðum safnaðarins í krafti þess valds, sem sóknarnefnd fór með fyrir hans hönd. Kostnaður hinna hefur fallið á stefnendur þessa máls. Í ljósi þessa getur dómari ekki fallist á það með stefndu, að í samþykkt tillögunnar á aðalsafnaðarfundum 26. maí 1993, sem málsókn stefnenda byggist á, felist „ákvörðun um að ráðstafa sameiginlegum fjármunum safnaðarins í þágu tiltekinna einstaklinga innan safnaðarins“. Svo má hins vegar að kveða, að ákvörðunin sé um það að greiða þann kostnað, sem allmargir einstaklingar höfðu af því að leiða í ljós meirihlutavilja sóknarbarna um kirkjubygginguna, eins og hann birtist í samþykkt aðalsafnaðarfundar 15. september 1992.

Af þessu leiðir, að samþykktin tekur á efni, sem heyrir undir 11. gr. laga nr. 25/1985. Samkvæmt 2. mgr. þeirrar lagagreinar fer aðalsafnaðarfundur með æðsta ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim, sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmætum ákvörðunum. Að þessu leyti er stefnendum rétt að reisa málsókn sína á skuldbindingargildi samþykktar aðalsafnaðarfundar 26. maí 1993.

Upplýst er, að í auglýsingum um aðalsafnaðarfundinn 26. maí 1993 var þess ekki getið, að efni samþykktarinnar yrði á dagskrá fundarins. Einnig er upplýst, að ekki eru til sérstök fundarsköp fyrir safnaðarfundir Digranes-sóknar.

Í 12. gr. laga nr. 25/1985, segir, að sóknarnefnd boði safnaðarfundir og að fundarefni skuli kynnt í fundarboði. Hér er um að ræða reglu, sem telja verður almenna í félagarétti. Hún þýðir þó ekki, hvorki í tilvitnuðu lagaákvæði né yfirleitt annars staðar, að frá henni verði undir engum kringumstæðum vikið. Augljóst er þó, að tillögur um mikilsverð málefni safnaðar, svo sem um veruleg fjárútlát, verða ekki samþykktar á safnaðarfundum, þar sem þær eru lagðar fram í fyrsta sinn, nema kynntar hafi verið í boðaðri dagskrá.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga nr. 25/1985 um, að fundarefni skuli kynnt í fundarboði verður ekki talið, að samþykktin frá 26. maí 1993 sé ógild, þó að því ákvæði hafi ekki verið fylgt. Veldur því saga tillögunnar, sem samþykkt var. Sóknarnefnd hafði ósk tveggja stefnenda um greiðslu lögmanns- og auglýsingakostnaðar til umfjöllunar fyrir aðalsafnaðarfund 1992. Efnislega sams konar tillaga var borin fram á safnaðarfundum 11. október 1992. Henni var vísað til sóknarnefndar til „lögmætrar og sanngjarnrar meðferðar“. Það hlutverk sitt vanrækti nefndin, svo sem hún viðurkennir í bréfi sínu til kirkjulaganefndar 18. júní 1993. Hún setti málið ekki heldur á dagskrá aðalsafnaðarfundar 1993, þrátt fyrir það að þess mætti vænta, að það kæmi að nýju til kasta þess fundar, sbr. fyrrnefnt bréf, og gefur hún á því þessa skýringu: „Umrædd endurkrafa var nánast sjálfkrafa á dagskrá milli aðalsafnaðarfundar 1992 og 1993.“ Dómari telur skýringu þessa réttmæta.

Eins og með málið hafði verið farið, verður stefnendum ekki virt það til tómlætis að hafa ekki beiðst þess sérstaklega, að sóknarnefnd kynnti tillögu þeirra í boðaðri dagskrá. Þess er og að geta, að ekki var því hreyft á aðalsafnaðarfundinum, að tillögu stefnenda mætti ekki afgreiða, vegna þess að hún hefði ekki verið kynnt í fundarboði.

Pegar svo er ástatt sem nú hefur verið dregið fram, verður samþykktin, sem stefnukrafan er reist á, ekki talin markleysa, þótt tillögunnar um hana hafi ekki verið getið í fundarboði.

Ekki fellst dómari heldur á það með stefndu, að samþykktin verði að teljast ógild, vegna þess að stefnendur hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Þó að stefnendur ættu fjárhagsmuna að gæta, olli það ekki, eins og á stóð, vanhæfi þeirra til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Vanhæfisreglur stjórnar-farsréttar eiga hér ekki við, heldur reglur félagaréttar, sem reisa því ekki sömu skorður, að hinn almenni félagsmaður megi taka þátt í atkvæða-greiðslu, þegar hann á hagsmuna að gæta. Verður og ekki talið, að um einkahagsmuni stefnenda hafi verið að ræða. Samþykktin sýnist vera í sam-ræmi við þann meirihlutavilja safnaðarins, sem fékkst á hinum óvenjuþjöl-menna aðalsafnaðarfundu 15. september 1992.

Sókn þessa máls er algerlega reist á samþykkt aðalsafnaðarfundar stefndu 1993. Stefnukrafan er því reist á öðrum grunni en málskostnaðar-krafa stefnenda á hendur stefndu í lögbanasmálinu, sem lauk með úrskurði í Héraðsdómi Reykjaness 10. desember 1992. Sá úrskurður hefur því ekki res judicata-áhrif í þessu máli. Ber því að synja varakröfu stefndu um frá-vísun að hluta.

Á framanrituðum forsendum verða kröfur stefnenda í máli þessu að fullu teknar til greina nema krafan um dráttarvexti.

Ekki liggur fyrir, að stefnendur hafi sannanlega krafist stefndu um greiðslu stefnukröfunnar fyrir en með innheimtubræfi lögmanns síns, dag-settu 4. nóvember 1993. Þykir því rétt að dæma stefndu til að greiða stefn-endum dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. desem-ber 1993 til greiðsludags og að leggja megi vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. desember 1994.

Eftir úrslitum máls er rétt að dæma stefndu til að greiða stefnendum málskostnað. Skal hann vera 150.000 kr., og er virðisaukaskattur ekki inni-falinn.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Synjað er kröfu stefndu um frávísun stefnukröfu að hluta.

Stefnda, sóknarnefnd Digranessóknar f. h. sóknarinnar, greiði stefnendum, þeim Aðalsteini Péturssyni, Öldu Berg, Önnu M. Sig-urðardóttur, Önnu M. Porfinnsdóttur, Árna Stefánsyni, Böðvari Jónassyni, Evu S. Einarsdóttur, Guðna Ágústssyni, Guðna Daníels-syni, Gylfa Sveinssyni, Hermann E. Karlssyni, Jörundi Guðmunds-syni, Kristbjörgu Kristjánsdóttur, Kristínu Ottesen, Kristjáni Krist-jánssyni, Magnúsi Eiríkssyni, Ólafi Jens Péturssyni, Ólafi H. Georgs-

syni, Sæmundi Guðmundssyni, Sigrúnu Gísladóttur, Svani Halldórssyni, Undínu Sigmundsdóttur, Valmundi Eggertssyni, Þorleifi Finnssyni og Þráni Árnasyni, sameiginlega 764.360 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. desember 1993 til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. desember 1994.

Stefnda greiði stefnendum 150.000 krónur í málskostnað, og er virðisaukaskattur ekki innifalinn.
